

## Dómsorð:

Stefndi, Fiskimjöl & lýsi h/f, greiði stefnanda, Angantý Jónssyni, kr. 30.714,33 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. maí 1956 til greiðsludags.

Stefndi greiði kr. 4.200,00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflutningsmaður stefnanda, Árni héraðsdómslögmaður Guðjónsson, kr. 4.000,00 í málflutningslaun, en ríkissjóður kr. 200,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. júní 1959.

Nr. 89/1959. **Helga G. Sveinsdóttir**  
 gegn  
**borgardómaranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

## Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 5. maí þ. á., í málinu: Þórarinn Jónsson gegn Ólafi Jónssyni og Helgu G. Sveinsdóttur. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðilja málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Jafnframt því, að sóknaraðili kærði framangreindan dóm til Hæstaréttar, var hann einnig kærður f. h. Ólafs Jónssonar. Sú kæra stafaði af vangá, og kemur hún því ekki til álita.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur í málinu.

Stefndi í héraði hefur samkvæmt framanskraðu einn kært

framangreindan frávisunardóm til breytingar og beint kæru sinni og kröfum að héraðsdómara einum. Slíkt málskot hefur ekki stoð í lögum, og ber því að vísa kærumáli þessu frá dómi.

Málskostnaðarkrafa sóknaraðilja verður ekki tekin til greina.

### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1959.

Mál þetta hefur Þórarinn Jónsson verkstjóri, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 21. nóvember 1958, á hendur Ólafi Jónssyni, Víðimel 51, og Helgu G. Sveinsdóttur, Bústaðavegi 67, báðum hér í bæ, til greiðslu in solidum á kr. 15.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1957 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómars. Til vara er málið höfðað á hendur Ólafi Jónssyni til greiðslu framangreindra fjárhæða.

Stefnandi kveður hina umstefndu fjárhæð vera peningalán, er hann veitti stefnda Ólafi hinn 26. nóvember 1956, en fjárhæðina muni stefndi Ólafur hafa notað til að greiða hluta af kaupverði bifreiðarinnar R-870, er hann notaði til leiguaksturs.

Stefndu í máli þessu gengu í hjónaband á árinu 1951. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júní 1958, var þeim veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Jafnframt var félagsbú þeirra tekið til opinberra skipta og gefin út innköllun til skuldheimtumanna þess. Var kröfu stefnanda lýst í félagsbúið, en mótmælt af stefndu Helgu sem búinu óviðkomandi. Hefur stefnandi höfðað málið fyrir bæjarþinginu til að fá viðurkenningu á skuldinni á hendur stefndu in solidum.

Af hálfu stefnda Ólafs hefur kröfum stefnanda ekki verið mótmælt. Stefnda Helga hefur hins vegar krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, enda telur hún skuldina vera sér og búinu óviðkomandi.

Eins og fram er komið, var bú stefndu tekið til opinberra skipta, og var kröfu stefnanda lýst í búið. Í málinu hefur eigi annað verið upplýst en krafan bíði úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur, enda verður að telja, að skiptaréttinum beri að

úrskurða um kröfuna, sbr. 35. og 38. gr. laga nr. 3/1878. Ber því með vísan til 68. gr., sbr. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936, að vísa máli þessu frá bæjarþinginu ex officio.

Eftir þessum úrslitum og með tilliti til þess, að stefndu hafa ekki hreyft athugasemdum við rekstri málsins fyrir bæjarþinginu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi af sjálfsdáðum.  
Málskostnaður fellur niður.

Priðjudaginn 16. júní 1959.

Nr. 90/1959. **Helga G. Sveinsdóttir**  
gegn  
**borgardómaranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs,**  
Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 11. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávisunardóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 5. maí þ. á., í málinu: Eli Auðunsson gegn Ólafi Jónssyni og Helgu G. Sveinsdóttur. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávisunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðilja málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Jafnframt því, að sóknaraðili kærði framangreindan dóm til Hæstaréttar, var hann einnig kærður f. h. Ólafs Jónssonar. Sú kæra stafaði af vangá, og kemur hún því ekki til álita.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur í málinu.